

Nd.

310. Frumvarp til laga

[105. mál]

um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

(Eftir 3. umr. í Ed., 21. febr.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Dýralæknisumdæmi í landinu skulu vera sem hér segir:

1. Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi: Reykjavík, Kópavogskaupstaður, Hafnarfjörður, Keflavík, Gullbringu- og Kjósarsýsla.
2. Borgarfjarðarumdæmi: Borgarfjarðarsýsla og Akraneskaupstaður.
3. Mýrasýsluumdæmi: Mýrasýsla.
4. Snæfellsnesumdæmi: Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.
5. Dalaumdæmi: Dalasýsla og Austur-Barðastrandarsýsla vestur að Klettshálsi.
6. Barðastrandarumdæmi: Flateyjarhreppur og Múlahreppur í Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýsla og Auðkúluhreppur, Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu.
7. Ísafjarðarumdæmi: Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Árneshreppur í Strandarsýslu.
8. Vestur-Húnaþingsumdæmi: Vestur-Húnavatnssýsla og Strandarsýsla að Árneshreppi.
9. Austur-Húnaþingsumdæmi: Austur-Húnavatnssýsla.
10. Skagafjarðarumdæmi: Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókur og Siglufjörður.
11. Vestur-Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Ólafsfjörður, Hrafnagilshreppur, Glæsiþæjarhreppur, Öxnadalshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur, Árskógsstrandarhreppur, Svarfaðardalshreppur, Dalvík og Hrisey.
12. Austur-Eyjafjarðarumdæmi: Grimsey, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur og Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur og Háshreppur í Suður-Þingeyjarsýslu.
13. Þingeyjarþingsumdæmi: Suður-Þingeyjarsýsla austanverð, Húsavík og Norður-Þingeyjarsýsla.
14. Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Suður-Múlasýsla að Breiðdalsheiði.
15. Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla og Suður-Múlasýsla norður að Breiðdalsheiði.
16. Vestur-Skaftafellssýsluumdæmi: Vestur-Skaftafellssýsla og Austur-Eyjafjallahreppur í Rangárvallasýslu.
17. Rangárvallaumdæmi: Rangárvallasýsla að Austur-Eyjafjallahreppi.
18. Selfossumdæmi: Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur, Hraungerðishreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur, Hveragerðishreppur og Vestmannaeyjar.
19. Laugarásumdæmi: Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur, Þingvallahreppur og Grafningshreppur.

Landbúnaðarráðherra ákveður, hvar héraðslæknar skuli hafa búsetu.

Meðan ekki fást dýralæknar í hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi, samkvæmt þessari grein, er héraðsdýralæknum skylt að gegna dýralæknisstörfum í þessum umdæmum, samkvæmt ákvörðun ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124/1947, lög nr. 7/1959, um breyting á lögum nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124/1947, og lög nr. 38/1960, um breyting á lögum nr. 7/1959, um breyting á lögum nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124/1947, um dýralækna.